

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

897. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn 16. febrúar 2016 kl. 8:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Unnur Valborg Hilmarsdóttir aðalmaður, Elín Jóna Rósinberg aðalmaður og Elín R. Líndal aðalmaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri.

Fundarritari:

Guðný Hrund Karlsdóttir.

Afgreiðslur:

1. **Bréf frá Forsætisráðuneytinu vegna kæru Skotveiðifélagsins dags. 5. febrúar sl.** Með bréfinu er lagðar fram athugasemdir Skotveiðifélagsins, og Húnaþingi vestra veitt tækifæri á að koma frekari sjónarmiðum á framfæri við ráðuneytið. Jón Jónsson lögfræðingur hefur tekið að sér að svara erindinu fyrir hönd Húnaþings vestra.
2. **Fundarboð frá Flokkun Eyjafjarðar** dags. 9. febrúar sl. þar starfshópur innan sveitarfélaganna um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi boðar er til fundar þann 25. febrúar nk. Byggðarráð felur umhverfisstjóra að vera fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum ásamt oddvita.
3. **1602020 Bréf frá Skipulagsstofnun vegna brennsluofns fyrir sláturúrgang** dags. 2. febrúar sl. þar sem óskað er eftir að Húnaþing vestra veiti umsögn um erindi Sláturhúss KVH ehf. (SKVH) um uppsetningu á búnaði til eyðingar á áhættuvefjum úr sláturdýrum. Sveitarstjóra falið að sækja um frest til að koma umsögn á framfæri og afla frekari upplýsinga.
4. **Bréf frá Innanríkisráðuneytinu um staðfestingu á samningi um þjónustu við fatlað fólk.** Lagt fram til kynningar
5. **Fundargerð félagsfundar Veiðifélags Miðfirðinga** frá 30. janúar sl. Lögð fram til kynningar
6. **Sorphirða Húnaþingi vestra, opnun tilboða 12. febrúar sl.** Þrjú tilboð bárust:

Kubbur ehf.	195.787.877
Vilhelm Harðarson	159.030.172
Íslenska Gámafélagið	215.102.500
Kostnaðaráætlun Eflu	101.083.750

Byggðarráð frestar ákvörðun og umhverfisstjóra falið að greina niðurstöðu tilboða.

Samþykkt að taka á dagskrá:

7. **Fundargerðir SSNV frá 12. janúar og 2. febrúar sl.** Oddviti kynnti.

8. **Snjómokstur í dreifbýli.**

Rekstrarstjóra falið að útbúa tillögur að reglur um snjómokstur í dreifbýli.

9. **1602035 Útboð á ræstingu fyrir Grunnskóla Húnaþings vestra.** Eitt tilboð barst frá Þvottahúsinu Perlan. Byggðarráð frestar ákvörðun.

10. **Fyrirhuguð skerðingar á póstdreifingu í Húnaþingi vestra.**

Byggðarráð Húnaþings vestra mótmælir harðlega ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar um að heimila Íslandspósti að draga úr póstdreifingu í Húnaþingi vestra. Ákvarðanir ofangreindra aðila gera það að verkum að enn er vegið að þeirri grunþjónustu sem sjálfssögð og eðlileg þykir víðast hvar. Vert er að geta þess að þjónustuskerðingin tekur til um 220 heimila í Húnaþingi vestra.

Ofangreind þjónustuskerðing byggir á lögum nr. 19/2002 og reglugerð um framkvæmd laganna nr. 868/2015, og að mestu á 2. málsgrein 10. gr. reglugerðarinnar. 2. mgr. 10 gr. hljóðar svo:

Á dreifbýlissvæðum, þar sem kostnaður við dreifingu er þrefaldur eða meiri miðað við sams konar kostnað í þéttbýli, er rekstrarleyfishafa heimilt að fækka dreifingardögum í annan hvern virkan dag. Rekstrarleyfishafi skal senda Póst- og fjarskiptastofnun tilkynningu þessa efnis með rökstuddri greinargerð um kostnað. Stofnunin skal yfirfara og staðreyna útreikninga rekstrarleyfishafa og eftir atvikum hafna eða samþykkja umsókn, innan þriggja mánaða.

Byggðarráð Húnaþings vestra efast um lögmæti ofangreinds ákvæðis reglugerðarinnar og ákvarðanna ofangreindra aðila og minnir á að samkvæmt 21. gr. laga nr. 19/2001 skal Póst- og fjarskiptastofnun tryggja að alls staðar á landinu sé alla virka daga borinn út póstur sem fellur undir skilgreiningu á alþjónustu nema kringumstæður og landfræðilegar aðstæður hindri slíkt. Í greinargerð með frumvarpi að ofangreindum lögum segir um 21. gr.:

Hér er fært í lög að póstsendingar innan marka alþjónustu skulu bornar út alla virka daga alls staðar á landinu nema kringumstæður eða landfræðilegar aðstæður komi í veg fyrir útburð. Slíkar kringumstæður geta verið ófærð og óveður eða sérstakar landfræðilegar aðstæður. Póst- og fjarskiptastofnun gerði árið 1999 könnun á möguleikum þess að koma á útburði pósts hvern virkan dag alls staðar á landinu. Kostnaður á ári var þá áætlaður tæplega 100 millj. kr umfram þáverandi kostnað við útburð pósts. Með því að fella útburð pósts á virkum dögum undir alþjónustukvaðir verður að gera ráð fyrir að almenn gjaldskrá rekstrarleyfishafa sem veitir alþjónustu verði að hækka samsvarandi.

Hvergi í lögum nr. 19/2002 er gefin heimild fyrir afslætti á þessum skyldum öðrum en þeim sem fram koma í 21. gr. þ.e. að einungis „kringumstæður eða sérstakar landfræðilegar aðstæður“ komi í veg fyrir að póstdreifing eigi sér stað alla virka daga. Heimild til skerðingar póstdreifingar á fjárhagslegum forsendum er ekki til staðar og í lögskýringargögnum kemur fram að ætlunin hafi einmitt verið að gjaldskrá þjónustuaðila yrði að taka mið af þessum skyldum og því vafi á að 2. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar hafi stoð í lögunum. Það er og

viðurkennd staðreynd að aðgerðir/ákvörðanir stjórnvalda, m.a. reglugerðir, sem eru íþyngjandi fyrir þegnana verði að hafa skýra og afdráttarlausa lagaheimild, en svo er alls ekki í þessu tilfalli.

Í ljósi ofangreinds mótmælir byggðarráð Húnaþings vestra harðlega ákvörðunum Póst- og fjarskiptastofnunar og Íslandspósts og krefst þess að fyrrgreindar stofnanir dragi ákvörðanir sínar til baka.

11. Norðurlands Jakinn 2016

Tekið fyrir erindi frá Magnúsi Ver Magnússyni fyrir hönd Félags íslenskra kraftamanna þar sem óskað er eftir styrk og stuðningi vegna keppinnar Norðurlands Jakinn sem haldinn verður á Norðurlandi um miðjan ágúst nk. Keppnin verður tekin upp og sýnd í Sjónvarpinu (RÚV). Byggðarráð þakkar erindið og samþykkir að styrkja viðburðinn um kr. 140.000,-.

12. **Bréf frá sambandi íslenskra sveitarfélaga** dags. 5. febrúar sl. um samstarf ríkis og sveitarfélaga á grundvelli laga um opinber fjármál, þar sem boðað er til fundar um málið 18. febrúar nk. Oddviti og formaður byggðarráðs verða fulltrúar Húnaþings vestra á fundinum.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl:10:03

Elín Jóna Rósinberg

Unnur Valborg Hilmarsdóttir

Elín R. Líndal

Guðný Hrund Karlsdóttir